

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Selfossi, 15. mars 2018
Tilvísun: 1803500

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr (eftirlit, upplýsingagjöf) - 330. mál.

I. Almennt.

Matvælastofnun fagnar framkomnu frumvarpi um breytingar á lögum um matvæli og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Frumvarpinu er ætlað að tryggja meira samræmi við framkvæmd eftirlits með matvælum sem er grundvöllur fyrir því að hægt sé að birta upplýsingar úr eftirliti.

Samkvæmt 8. mgr. 22. gr. núgildandi laga um matvæli nr. 93/1995 skal Matvælastofnun vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði matvælaeftirlits og því að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að því að þessu markmiði verði náð gefur Matvælastofnun út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna ber að fylgja við eftirlit sitt hjá matvælafyrirtækjum sem ekki falla undir 6. gr. laga um matvæli. Matvælastofnun hefur hins vegar enginn úrræði til að knýja heilbrigðiseftirlitssvæðin til að fylgja slíkum leiðbeiningum.

Veigamikill þáttur í þessari samræmingu felst í því að áhættuflokkun og frammistöðumat fyrirtækja sé gert á sambærilegan hátt, til að tryggja að eftirlitsþörf fyrirtækja sé metin á jafnréttisgrundvelli óháð því hvaða starfsgrein eða starfssvæði fyrirtækið tilheyrir. Einnig er mikilvægt að opinbert eftirlit byggi á skjalfestum verklagsreglum og aðferðum sem tryggja samræmi í eftirlitinu. Því er mikilvægt að skýrar forsendur liggja fyrir því hvernig eftirlitsþörf fyrirtækja er metin út frá áhættu og niðurstöðum úr eftirliti.

Matvælastofnun gaf út í byrjun árs 2015 leiðbeiningar¹ um áhættuflokkun og mat á eftirlitsþörf matvælafyrirtækja sem falla undir opinbert eftirlit heilbrigðisnefnda. Leiðbeiningum er ætlað að tryggja að tíðni eftirlitsins sé í réttu hlutfalli við áhættu, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti og samkvæmt eftirlitsáætlun.

Jafnframt gaf Matvælastofnun út skoðunarhandbók² fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna sem ætluð er fyrir starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins við eftirlit með matvælafyrirtækjum.

Til að ná því að halda utan um gögn og upplýsingar sem verða til við eftirlit með matvælafyrirtækjum hjá 10 heilbrigðiseftirlitssvæðum og til að ná fram samræmingu við eftirlit og úrvinnslu gagna hefur Matvælastofnun boðið eftirlitssvæðunum aðgang að tölvukerfi stofnunarinnar – Ísleyfi. En Ísleyfur var tekinn í notkun 2011 og heldur utan um flokkun fyrirtækja, starfsemi starfstöðva, áhættuflokkun starfsstöðva, frammistöðu starfsstöðva, útgáfu leyfa og skýrslur og niðurstöður úr eftirliti hjá matvæla- og fóðurfyrirtækjum og frumframleiðslu.

¹ <http://mast.is/library/Bodberar/AhaettuogframmistoduflokkunFramleidsladreifingmatvaelaHES1502.pdf>

² <http://mast.is/library/Lei%C3%B0beiningar/SkodunarhandbokHES1511.pdf>

Með eftirlitskerfinu er hægt að beina eftirlitinu á þá staði sem þess er mest þörf og fylgjast með virkni og samræmingu skoðunarmanna.

Fyrirhugað var að innleiðingu og upptöku heilbrigðiseftirlitssvæðanna á framangreindu, þ.e. áhættumatskerfi, frammistöðukerfi og samræmt skráning á niðurstöðum eftirlits skv. skoðunarhandbók, yrði lokið 1. júní 2017. Niðurstaðan hefur hinsvegar verið sú að einungis þrjú heilbrigðiseftirlitssvæði hafa tekið upp boð stofnunarinnar og halda með samræmdum hætti undan um gögn úr eftirliti í Ísleyfi. Að óbreyttu er því ekki fyrir séð að breyting verði á þannig að hægt verði að koma á betri samhæfðari skráningum og mati á upplýsingum sem verða til við eftirlit með matvælafyrirtækjum á landsvísu.

Matvælastofnun fagnar því framkomnum tillögum um breytingar á lögum um matvæli sem ætlað er að tryggja að eftirlitsaðilar flokki fyrirtæki eftir frammistöðu þeirra skv. niðurstöðum úr eftirliti og að heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna beri að skrá og birta upplýsingar um matvælaeftirlit með sama hætti og Matvælastofnun gerir. Enda ljóst að slík samræmd vinnubrögð og skráningar eru grunnurinn fyrir því að hægt sé að birta opinberlega upplýsingar eins og ráðgert er í 2. gr. frumvarpsins.

II. Athugasemdir við einstök ákvæði.

6. gr.

Frumvarpið er sett fram samhliða frumvarpi til laga um Matvælastofnun – mál nr. 330. Í frumvarpi um Matvælastofnun er gert ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi við birtingu, hins vegar er ráðgert að breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr taki gildi 1. janúar 2019.

Matvælastofnun telur nauðsynlegt að ákvæði um breytingar á skipulagi stofnunarinnar varðandi umdæmaskipan héraðsdýralækna taki gildi á sama tíma.

Þannig er í 3. mgr. 3. gr. frumvarps til laga um Matvælastofnun gert ráð fyrir að Matvælastofnun starfræki umdæmistofur sem sinna eftirlitsstörfum og að ráðherra ákveði fjölda umdæma og mörk þeirra á milli. Þá skal forstjóri ákveða staðsetningu umdæmistofa og ræður dýralækna sem veitir hverri stofu forstöðu og fer með þau verkefni sem héraðsdýralækni eru falin með lögum. Í frumvarpi um breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr segir í 3. gr. að 1. mgr. 11. gr. þeirra laga falli brott. En þar segir að Matvælastofnun skuli hafa sex umdæmiskrifstofur og eru landfræðileg mörk þeirra skilgreind með skýrum hætti.

Ljóst er að ekki er samhljómur milli þessara ákvæða og því nauðsynlegt að breyting á þeim taki gildi á sama tíma þannig að ekki skapist óvissa um hvernig fara skuli með skipulag innan stofnunarinnar og fyrir liggja hver fjöldi umdæmistofa er og hvernig mörk verða á milli þeirra.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar

Jón Gíslason